Gerð og birting starfsauglýsinga

Framkvæmd

Aðgerð	Úttak	Ábyrgð og framkvæmd
1. Gerð auglýsingar	Auglýsing	1. Mannauðsstjóri skal tryggja að heimild sé fyrir stöðu þeirri sem auglýst er. Hann ásamt viðkomandi forstöðumanni semja starfsauglýsinguna. Í auglýsingu skal koma fram: • Heiti starfs • Starfssvið • Starfshlutfall • Starfskjör • Menntunar- og hæfnikröfur • Hver veitir nánari upplýsingar um starfið • Umsóknarfrestur og hvert umsókn á að berast • Hvenær starfsmaður skuli hefja störf • Að öllum umsóknum verði svarað
2. Birting auglýsingar	Starfatorg Mast.is	2. Mannauðsstjóri ákveður hvar auglýsing á að birtast. Lausar stöður skulu auglýstar á Starfatorgi, sbr. reglugerð nr. 464/1996 með síðari breytingum um auglýsingar á lausum störfum, einnig á heimasíðu MAST og í öðrum miðlum eftir atvikum.
3. Tímamörk sendinga til birtingar		3. Mannauðsstjóri sendir beiðni um birtingu auglýsingar: • Til Starfatorgs fyrir hádegi á fimmtudegi • Í dagblöð fyrir hádegi á föstudegi • Í staðarblöð fyrir lok þriðjudags